

06.04.2009

Landsbankinn kynnir óverðtryggð íbúðalán

Landsbankinn býður upp á fjölda lausna til að aðstoða heimili í greiðsluferfiðleikum sem eru sérsniðnar að þörfum hvers og eins. Töluverð gagnrýni hefur beinst að verðtrygginu íbúðalána og kallað hefur verið eftir fleiri valmöguleikum í vöruframboði fjármálastofnanna. Óverðtryggð íbúðalán er nýr valkostur í úrræðum Landsbankans fyrir heimili í landinu.

Óverðtryggð íbúðalán henta þeim viðskiptavinum sem vilja greiða lán sín hraðar niður og forðast uppsöfnun verðbóta á höfuðstól. Eins henta lánin þeim sem vilja skilmálabreyta íbúðalánunum í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur og telja að óverðtryggðir vextir muni lækka í framtíðinni og krónan veikjast. Engin verðtrygging fylgir láninu og dregið er úr áhrifum af sveiflum í gengi íslensku krónunnar. Mikilvægt er að viðskiptavinir kynni sér kosti og galla hvernar lánategundar og taki upplýsta ákvörðun um hvað henti best heildarfjármálum heimilsins.

Þar sem vextir eru mjög háir í dag býður Landsbankinn upp á greiðsluaðlögun fram í maí 2011. Á aðlögunartímanum greiðir viðskiptavinur ekki afborganir af höfuðstól og ekki hærri vexti en 7% á ársgrundvelli. Mismunurinn á óverðtryggðum íbúðalánavöxtum Landsbankans og greiddum vöxtum kemur til hækkunar á höfuðstól lánsins og greiðist niður á afborgunartímabilinu. Að loknu aðlögunartímabili hefst afborgunartímabil. Hægt er að velja annars vegar um jafnar afborganir af höfuðstól og hins vegar jafngreiðslulán (annuitet), þ.e. samtala afborgunar og vaxta er ávallt sama fjáræðin, nema vextir breytist.

Helstu eiginleikar lánsins eru:

- Óverðtryggt lán í íslenskum krónum
- Breytilegir vextir sem taka m.a. mið af stýrivöxtum – nú 1,5% ofan á stýrivexti Seðlabanka
- Virkir og skilvísir viðskiptavinir fá 0,5% vaxtaafslátt í formi endurgreiðslu ár hvert
- Boðið er upp á sérstakt aðlögunartímabil á meðan mesta umrót í íslensku efnahagslífi gengur yfir, þ.e. á tímabilinu greiðir viðskiptavinur ekki afborganir af höfuðstól og ekki hærri vexti en 7% á ársgrundvelli
- Sveigjanlegur lánstími og ekkert uppgreiðslugjald – viðskiptavinur getur greitt upp lánið eða skipt yfir í aðrar tegundir íbúðalána hvenær sem er á lánstímanum
- Afsláttur af lántökugjaldi
- Hægt að velja um jafnar greiðslur (annuitet) og jafnar afborganir
- Lánstími getur verið allt að 40 ár, að loknu sérstöku aðlögunartímabili sem lýkur í maí 2011. Alls getur því lánstíminn orðið 42 ár
- Hámarksveðhlutfall getur numið allt að 70% af markaðsverðmæti fasteignar – herra ef um er að ræða endurfjármögnun á lánum Landsbankans
- Lánsfjárhæðin þarf að vera innan við 100% af brunabóta- og lóðamati en að lágmarki 1 milljón króna.
- Lánað er til fasteignakaupa, endurfjármögnunar á lánum, nýbygginga og endurbóta á fasteign.

Nánari upplýsingar veitir:

Landsbankinn – Tinna Molphy
Tölvupóstur: pr@landsbankinn.is
Sími: 410 7100.